

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 118/1950. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

**Vincent John Starkey** (Lárus Fjeldsted).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fiskveiðabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur skólastjóri Stýrimanna-skólans markað á sjóuppdrátt stað varðbátsins Víkings kl. 5.00 árdegis umræddan dag. Reyndist staðurinn 0,3 sjómílar innan landhelgislínu. Þar sem togari ákærða var þá að botnvörpuveiðum fyrir innan varðbátinn, hefur ákærði gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem greinir í héraðsdómi.

Gullgildi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því að dómur gekk í héraði.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Vincent John Starkey, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 900.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lög m.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 26. ágúst 1950.**

Ár 1950, laugardaginn 26. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3143/1950: Ákærvaldið gegn Vincent John Starkey, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Vincent John Starkey, skipstjóra á brezka togaranum Paynter GY 480, til heimilis í 310 Breton Avenue, Cleethorpes í Englandi, fyrir brot gegn lögum nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, að eigin sögn fæddur 20. október 1906 í Grantham í Englandi. Hinn 23. febrúar 1940 var hann dæmdur í lögreglurétti Reykjavíkur í 29500.00 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands fyrir brot gegn 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924, og afli og veiðarfæri togarans Kópanes GY 1170, sem hann þá stýrði, gerð upptæk til handa sama sjóði. Að öðru leyti hefur hann eigi sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Árna Eypórs Valdimarssonar, skipstjóra á varðbátnum Víkingi, og Eyjólfss Þórarins Gunnlaugssonar, stýrimanns á sama varðbát, eru málavextir þessir: Í nótt lá varðbáturinn við akkeri í Garðssjó, laust innan við landhelgislínu, og voru staðarákvarðanir gerðar öðru hvoru. Laust fyrir kl. 05.00 sá stýrimaðurinn, sem var á verði, tog-arann koma úr ca austri með stjórnbörðsvörpu úti, og var skipstjóri varð-bátsins þá kallaður upp. Var nú byrjað að létta akkeri varðbátsins, og annaðist stýrimaður það, en á meðan á því stóð, togaði togarinn upp að landi. Kl. 05.00 var lokið að létta akkeri, og var þá gerð þessi staðar-ákvörðun:

Þórðarfell  $\neq$  Vatnsnesvita

$> 69^\circ$

**Garðskagavita**

og gefur það stað bátsins 0.3 sjómílur innan landhelgislínu. Staðarákvörðun þessa gerðu bæði skipstjóri og stýrimaður varðbátsins. Var þá togarinn ca 150 metra fyrir innan varðbátinn í stefnu laust vestan við Keili, dýpi 32 metrar, veður NA 4, sjór NA 3, skýjað. Var þá haldið að togaranum, sem var með stjórnbörðsvörpu úti, og breytti hann þá stefnu, beygði á stjórnbörða og togaði frá landi. Kallað var úr varðbátinum til togarans um að nema staðar samstundis, en eigi var því kalli skeytt. Kl. 05.10 var skotið lausu skoti, og nam togarinn eigi staðar þrátt fyrir það, fyrr en kl. 05.15, að hann stöðvaðist og dró inn vörpuna. Varðbáturinn fór þá til togarans, og fór stýrimaður varðbátsins um borð í hann og tilkynnti kærða, að hann hefði verið á veiðum innan landhelgislínu, en því neitaði kærði. Var honum þá boðið að fara yfir í varðbátinn og gera mælingar með sextanti, en það kvaðst hann ekki kunna. Kærði kvaðst eigi geta mælt stað sinn nema með því að sigla upp að landi við Garðsskagavita og mæla þá vegalengd með logginu, og voru skipstjóri og stýrimaður varð-bátsins um borð í togaranum í þeirri siglingu. Skipstjóri varðbátsins skip-

aði síðan kærða að halda til Reykjavíkur, en til þess fékkst hann ekki fyrir en eftir mikið þref. Um kl. 06.40 var haldið til Reykjavíkur og bundið þar við bryggju kl. 10.28.

Kærði hefur viðurkennt að hafa verið á botnvörpuveiðum í þetta sinn, en kveðst vera sannfærður um að hafa ekki farið inn fyrir landhelgislinuna. Engin mælitæki til staðarákvarðana voru í togaranum, og gerði kærði því engar staðarákvarðanir í honum á staðnum og ekki þá hann að mæla staðinn með sextant varðskipsins sökum þess, að hann segir, að hann kunni ekki á það tæki. Stýrimaður togarans fylgdist með loggmælingunum á leiðinni upp undir Garðsskagavitann og segir mælinn hafa sýnt 5½ mílu vegalengd. Enginn annar las á mælinn, fyrir en kærði gerði það, þegar komið var hingað til hafnar, og sá hann þá sömu vegalengd á mælinum.

Þessar mótbáru ákærða þykja eigi hnekkja greindum skýrslum skipstjóra og stýrimanns varðbátsins, og þykir því sannað, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924. Með tilliti til núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing kærða hæfilega ákveðin kr. 74000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Paynter GY 480, skulu upptæk ger til sama sjóðs.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Dómsorð:

Kærði, Vincent John Starkey, greiði kr. 74000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Paynter GY 480 skulu upptæk vera til handa sama sjóði.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin þóknun til talsmanns hans, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.